



Að eiga „heima“

To have “home”

Staðartengsl og staðasjálfsemd
Innfæddir og aðfluttir

Place attachment and place identity
Natives and aliens



Staður - Place

- (1) Ákveðin staðsetning (e. location) eða einfaldlega spurningin „hvar?“
- (2) Sögusvið atburða (e. locale) eða vettvangurinn þar sem samskipti fólks eiga sér stað.
- (3) Staðarkennd (e. sense of place) eða persónuleg og tilfinningaleg tengsl einstaklinga við staðinn.

(Agnew, 1987 í Cresswell, 2004).

Samfélag - Community

Félagsleg tengsl innan ákveðinna landfræðilegra marka sem eru þekkt og viðurkennd.



Staðarkennd – Sense of place

Margþætt hugtak sem lýsir tilfinningalegu sambandi einstaklinga við stað

Staðartengsl – Place attachment

Margþætt hugtak sem vísar til tilfinningalegra tengsla sem þróast á milli einstaklings og ákveðins staðar og hefur merkingu fyrir viðkomandi einstakling. Gert er ráð fyrir að staðartengslin séu breytanleg og geti þróast yfir tíma.

Staðarsjálfsemd – Place identity

Hvernig staður sé hluti af sjálfsmyndinni og sé nátengt hugtakinu staðartengsl og komi fram á sambærilegan hátt.



Náttúran - Nature

Birna:

„Fjöllin og hérna, já svona góð tilfinning, það er hérna [hik] mér finnst sko fjöllin, því nú segir fólk stundum sem kemur hingað og hérna og þeim finnst eins og þau séu að kremja sig eitthvað. Það er svona eins og eitthvað svona ógnandi eða svona en mér finnst þetta vera svona faðmur. Mér finnst þetta vera svona [hik] vera svona verndartilfinning sko þó maður eigi kannski ekkert að vera hugsa þannig um fjöll.“





Tinna:

„Ég má kannski bæta við, því það eru sumir sem tala um að þeir séu hræðilega innilokaðir hérna, en mér finnst þau bara halda utan um mann og ég hef aldrei, það hefur aldrei truflað mig [...] mér hefur bara þótt þau halda utan um mig.“

Pétur:

„Já, ég finn svo sannarlega fyrir tengslum. Ég held það sé bara allt, og ekki síst náttúran og ekki endilega náttúran, heldur náttúran umhverfis fjörðinn sem mér finnst svo, grípa mann eitthvað svo fast.“

Samfélag - Community



Fríða:

„Okkur langaði að prófa eitthvað nýtt. Við höfðum ekki komið hingað áður þegar við heimsóttum Ísafjörð og tókum ákvörðun um að flytja hingað og við höfum svo sannarlega ekki séð eftir því. Samfélagið hérna hefur tekið alveg rosalega vel á móti okkur og við eignuðum strax frábæra vini [...] Segja má að tenging okkar sé frekar við samfélagið almennt, við saumó, þrjónakaffi, og fleira, mikið frekar en vinnuna.“





Lilja:

„[...] og hef kynnst ótrúlega mörgum í gegnum þessi ár og alls staðar fundið fyrir sko, manni er alltaf vel tekið, það er sko ekki eins og fólk talar oft um þegar fólk flytur í annað bæjarfélag að þetta er svo lokað, maður kemst ekkert inn í, manni tekst ekkert að tengjast. Það er ekkert slíkt sem ég hef fundið fyrir. Aldrei, nei. Eiginlega ekki frá því ég kom. Það er svona svolítið, maður hefur svona sterka tengingu við fólkið.“

Sigríður:

„Þetta er samfélag sem er í mikilli varnarbaráttu, sem gefur hverjum einstakling aukið vægi. Vegna þessarar varnarbaráttu er að auki óeining og leiðindi sem er slæmt en það þarf ákveðinn fjölda til að breyta þessu, en það er svo snúið mál. En bærinn hefur líka margt gott til að bera. Hér er mikið tónlistarlíf, heimsviðburðir reglulega, sterk bönd á milli fólks og væntumþykja. Hér er alveg sérstaklega gott fyrir börn og unglunga að vera.“

Fjölskyldan - Family



Kristján:

„Sama og ég er búinn að segja svo sem, maður á rætur sínar hingað [hik] hér eru rætur manns og fjölskylda og vinir og ég held að það sé bara sterkasta tengingin.“



Hvað er heima?
What is home?

Staðarsjálfsemd: Heima

Place Identity: Home



Fríða:

„Já, ekki spurning. Mér líður vel hér, á frábæra vini og fjölskyldunni líður vel hérna. Ísafjörður er orðinn heima.“

Rósa:

„Þetta er auðvitað bara heimili mitt, hérna á ég heima, hér er fjölskylda mín, hér er ég alin upp og já, þetta er bara heima.“

Birna:

„Já, auðvitað þetta er svona góðar tilfinningar, eins og fjöllin þau einhvern veginn halda utan um mann og hérna maður þetta er eitthvað svona gott, þetta er auðvitað bara heima sko ...“

Rannsakandi: Ég greip það að þú sagðir „heima“, berðu enn þessa „heimatilfinningu“ til Ísafjarðar?

Birna:

„Já, ég á Ísafjörð –
og Ísafjörður á mig ...“

Staðarsjálfsemd: Ertu Ísfirðingur?



Place identity: Are you from Ísafjörður?

Guðrún:

„Úff, erfið spurning! Innra með mér er ég klárlega orðin Ísfirðingur, en ef ég yrði spurð á förnum vegi hvaðan ég væri þá væri svarið annað, að minnsta kosti eins og er, en eflaust eftir nokkur ár þá mun ég telja mig vera búin að vinna mér inn fyrir því að vera Ísfirðingur.“

Birna:

„... Já, svo fær maður, verður maður svona upp með sér þegar fólk er að tala um Ísafjörð. Fólk hefur svona jákvætt eitthvað viðhorf gagnvart Vestfjörðum eða það þykir voðalega flott eitthvað að vera frá Vestfjörðum eða það er svona eitthvað sem fólk tengir svona við eitthvað sterkt og náttúruöflin og fjöllin og það sé svona töggur í fólki [...] Íslendingar líta svolítið á Vestfirðinga þannig, það hugsar kannski, það er kannski bara eitthvað gamalt með Strandirnar, sjómenn og veðrið og eitthvað [...].“



Takk fyrir!